



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Guðmíðsbraut 27
105 Reykjavík, Ísland

Tel: (+354) 591 2000

Fax: (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2008
Tilvísun: UST20080200116/tb


Efni: Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði

Vísað er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 14. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði, 59. mál. Lagt er til að friðlýsing taki til vatnsviðs ána að meðtöldum þverám og skal hvers kyns röskun á náttúrulegum rennslisháttum ána vera óheimil.

Umhverfisstofnun gaf út Náttúruverndaráætlun, 2004-2008, Aðferðafræði, Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingu. Í þeim tillögum eru lagt til að vernda tvö svæði norðan Hofsjökuls Guðlaugstungur og Orravatnsrústir og síðan Austara Eylendið í Héradsvötnum. Guðlaugstungur, sem liggja vestar en umrætt vatnakerfi, hafa nú verið friðlýstar en Miklavatn sem er hluti af sama vatnakerfi var friðlýst 1977. Svæði á Náttúruminjaskrá sem eru á þessu vatnasviði allt til strandar eru Orravatnsrústir á Hofsafrétti nr. 413, Botn Vesturdals nr. 414 og Austarar Eylendið nr. 418. Ljóst er að vísað er til virkjana í Austari- og Vestari Jökulsá þar sem tillagan gengur út á að hvers kyns röskun á náttúrulegum rennslisháttum ána skuli vera óheimil og er þar átt við virkjanaáform sem hafa verið í umræðunni á þessu vatnasviði, Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framangreindum svæðum verði ekki raskað enda hafa þau að mati stofnunarinnar hátt náttúruverndargildi og ber að vernda sérstaklega með lögum umfram það sem nú er. Breytingar á náttúrulegum rennslisháttum í framangreindum ám, t.d. vegna virkjana, geta haft víðtæk áhrif á vatnasvið ána og vistkerfi þeim tengd allt frá upptökum til ósa. Austara Eylendið uppfyllir viðmið um votlendi sem hafa alþjóðlegt verndargildi samkvæmt viðmiðum sem notuð eru við tilnefningu svæða skv. Ramsarsamningnum og bæði Miklavatn og Austara Eylendið eru á lista BirdLife International, Important Bird Areas, Priority sites for conservations. Með tilliti til 1. greinar laga um náttúruvernd og hlutverk stofnunarinnar styður Umhverfisstofnun áform sem tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum og stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Umhverfisstofnun telur því að allar ákvarðanir varðandi verndun og nýtingu vatnasviðs Austari- og Vestari Jökulsár í Skagafirði eigi að taka mið af framangreindu.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Arnadóttir
Forstjóri


Trausti Baldursson